



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir
Alþingi v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 1996

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1468

komudagur 16/4 1996

Umsögn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis á frumvarpi til laga um br. á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum.

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis leggur áherslu á rétt stéttarféлага til að ráða innri málefnum sínum sjálf. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er víða vegið að þessum rétti svo sem í 1. gr. þar sem fjallað er um vinnustaðafélög. Slíkt er gróf íhlutun og brot á alþjóðlegum samþykktum ILO sem Ísland hefur staðfest og verður ekki þolað.

Tillögur frumvarpsins gera ráð fyrir sjö mismunandi afbrigðum af atkvæðagreiðslum hjá stéttarfélögum. Þessar reglur eru allar því marki brenndar að meginreglur um lýðræðislega niðurstöðu með einföldum meirihluta eru skekktar, ýmist er krafist verulega aukins meirihluta til að niðurstaða sé metin gild eða strangs forms á atkvæðagreiðslu. Látið er líta svo út að sömu reglur skuli gilda fyrir vinnuveitendur, en skipulag þeirra samtaka er með allt öðrum hætti, þar koma einstaklingar ekki að málum heldur fyrirtæki og miðstýring samtakanna er alger. Þessar hugmyndir að kosningareglum eru brot á öllum nútímalegum lýðræðishugmyndum auk þess sem margbreytileiki þeirra er slíkur að augljóst er að það eitt og sér kemur til með að valda verulegum vandræðum í framkvæmd.

Hugmyndir frumvarpsins um tengingar hinna ýmsu hópa inni í miðlunartillögum sáttasemjara eru óraunhæfar, og í framkvæmd myndu þær leiða til þess að ýmsir hópar sem ekki ættu í raunverulegri kjaradeilu væru að óþörfu dregnir inn í þá deilu.

Í sjálfu sér er full þörf á markvissari vinnubrögðum í tengslum við gerð kjarasamninga. Allar reglur í þá veru verður þó að mynda í samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og farsælast er að setja þær með samningum milli þessara aðila. Valdboð að ofan er ekki fær leið í þessu tilliti.

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis tekur að öðru leyti undir þá gagnrýni á frumvarp þetta sem komið hefur fram hjá Alþýðusambandi Íslands og krefst þess að það verði nú þegar dregið til baka á Alþingi.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verkalýðs- og sjómannafélags
Keflavíkur og nágrennis

Guðmundur Finnsson framkvæmdastjóri